

**Nd.**

**463. Nefndarálit**

[196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er andvígur matarskatti og telur að hann komi verst við láglaunafólkið eins og margoft hefur verið sýnt fram á.

Forseti Alþýðusambands Íslands sagði á fundi með nefndinni að ef skoðað væri hver áhrif matarskattarnir hafa á framfærslukostnað þess þriðjungs launafólks sem lægst hefur launin sé líklegt að þar sé um að ræða nálægt 3% hækkun. Kemur þar til að fólk með lægri laun eyðir hlutfallslega meira í matarkaup og kaupir jafnvel til viðbótar hlutfallslega minna af þeim vörum sem ekki eiga að hækka vegna niðurgreiðslna.

Forseti Alþýðusambandsins upplýsti einnig að líklega yrði kaupmáttur lágmarkslauna í desember nálægt 4–5% lægri en að meðaltali á árinu. Þannig leggst það nú saman að kaupmáttur þess fólks, sem lægst hefur launin, fer lækkandi vegna dýrtíðarinnar og framfærslukostnaður þess á að hækka.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hljóta því að hafa mikil áhrif í komandi kjarasamningum, ekki síst á kröfur um kaughækkunir hjá þeim hluta launafólks sem lægst hefur launin.

Óhjákvæmilegt er að vekja athygli á þeirri staðreynd að verði frumvarp þetta að lögum er verið að festa í sessi einhverja hæstu söluskattsprósentu sem þekktist í okkar heimshluta. Þegar sú skattheimta á svo að leggjast á alla matvöru er málið í raun orðið enn alvarlegra.

Ein helsta röksemd meiri hl. fyrir því að leggja söluskatt einnig á matvörur er sú að það sé nauðsynlegt einföldunar- og samræmingaratriði og undirbúningur undir virðisaukaskatt sem taka eigi við á ári. Einnig hefur verið gefið í skyn að með þessu séum við að breyta til samræmis við þróun mála í nágrannalöndum. *Það er rangt.* Innan Evrópubandalagsins er nú stefnt að samræmingu skatta þannig að í virðisaukaskatti verði tvö þrep, annað, lægra þrepið, á bilinu 4–9% og þar undir falli einmitt matvörur og aðrar helstu nauðsynjar. Annars staðar á Norðurlöndum eru að vísu skattar á matvælum, en nú eru Danir, vegna aðildar sinnar að EB, og a.m.k. Svíar að ræða mögulega aðlögun í átt til þess sem verða mun á hinum stóra sameiginlega evrópska markaði. Í þessu sambandi má heldur ekki gleyma að í flestum nálægum löndum eru matvæli mun ódýrari en hér og kaupmáttur launa hærri.

Það er því nánast sama hvernig litið er á þessa fyrirhuguðu matarskatta, þeir eiga sér enga raunverulega réttlætingu sem stenst skoðun.

Einna hættulegust er þó sú blekking að matarskattarnir og skattsúpa ríkisstjórnarinnar í heild muni ekki raska högum fólks í framtíðinni vegna þeirra hliðarráðstafana sem gera á. Því miður eru þó yfirgnæfandi líkur á að aðeins sé um tímabundnar aðgerðir að ræða og innan tíðar verði niðurgreiðslum og öðrum slíkum ráðstöfunum hætt, en eftir sitji almenningur með mattarskatta.

Meiri hl. telur að þrennt vinnist við matarskattinn, skilvirkni, réttlæti og einföldun.

1. Engin ástæða er til að ætla að tryggt sé að söluskattur skili sér betur af þúsundum smáfyriertækja sem einkum selja þjónustu þó að söluskattur verði lagður á matvæli. Skatturinn á matvæli — 5750 millj. kr. — er að því leyti „skilvirkur“ að fólk neyðist til að borða mat til þess að geta lifað — einnig fátækt fólk.
2. Skatturinn er bersýnilega ranglátur því hann leggst þyngst á láglaunafólkið. Þannig fer skatturinn hlutfallslega hækkandi eftir því sem launin eru lægri. Það getur a.m.k. ekki talist jafnaðarstefna.
3. Það getur verið skynsamlegt markmið að einfalda skattakerfið, en þá átti ekki að byrja á því að leggja á matarskatt. Fremur hefði átt að byrja á því að tryggja betur að fyrirtæki og þeir tekjumeiri í þjóðfélaginu greiði réttlátan skatt af tekjum sínum.

Ingi Björn Albertsson sat fundi nefndarinnar og tók þátt í meðferð málsins og er samþykktur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 30. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon,  
frsm.

Kristín Halldórsdóttir.